Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2740
komudagur 25.5.2011

BSRB

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. maí 2011

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga o.fl.), þskj. 1465 – 824. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Bandalagið leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að stoðir VIRK starfsendurhæfingarsjóðs séu styrktar og framtíðarskipan þess tryggð með þeim hætti að atvinnurekendur leggi framlag til sjóðsins sem fjallað er um í 16. gr. frumvarps.

Í 16. gr. frumvarps er jafnframt kveðið á um að skipuð skuli samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011. Nefndinni er einnig ætlað að leggja til skýran lagaramma eða umgjörð VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 16. gr. falli úr gildi 1. janúar 2012. BSRB telur að sá tímarammi sem frumvarpið miðar að sé of knappur og telur mikilvægt að nefndin fái ráðrúm til að sinna mikilvægu starfi sínu án þess að vinnutíma hennar sé svo þröngur stakkur sniðinn.

Vel mætti hafa tímafrestinn mun rýmri, t.d. að nefndin skuli skila tillögum sínum 1. apríl 2012 og ákvæðið falli brott 1. september s.á. og/eða að framkomnum tillögum nefndarinnar væri með lagabreytingu hægt að fella brott ákvæði 16. gr. frumvarps þessa, þ.e. bráðabirgðarákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA
Grettisgötu 89 105 Reykjavík Sími 525 8300 Fax 525 8309 bsrb@bsrb.is www.bsrb.is